

**Ed.**

**434. Nefndarállit**

um till. til þingsályktunar um kennaraskólann í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin leggur til, að tveir fyrstu liðir tillögunnar verði samþykktir, en til samkomulags við hina nefndarmenn tekur slutningsmaður þriðja liðinn aftur að sinni.

Alþingi, 26. apríl 1927.

Ingibjörg H. Bjarnason,      Jónas Jónsson,  
form.                                      frsm.

Jóh. Jóhannesson.

Fylgiskjal.

ÚTDRÁTTUR

úr gerðabók mentamálanefndar efri deildar.

Ár 1927, 9. mars kl. 2 síðdegis, hjelt mentamálanefnd efri deildar fund á venjulegum stað. Mættir voru til viðtals á fundinum forstöðumaður kennaraskólans, sr. Magnús Helgason, og fastakennarar skólans, Freysteinn Gunnarsson og Helgi Hermann.

Tekin var til meðferðar till. til þingsál. um kennaraskólann. Voru forstöðumaður og kennarar spurðir um álit þeirra, bæði um framtíðarstað fyrir skólann og um þær kröfur, sem gera yrði vegna skólans hvað byggingar ábrærir.

Forstöðumaður skýrði frá því, að hann hefði fyrir rúmu ári síðan (17. 12. 1925), er hann vissi, að verið var að mæla út lóð handa landsspítalanum kringum kennaraskólann, ritað stjórninni brjef um málið og beðið hana að tryggja skólanum lóð til frambúðar undir nauðsynlegar húsavibætur. Ekki vissi hann til, að stjórnin hefði gert neinar framkvæmdir í því efni. Forstöðumaðurinn gladdist yfir því, að máli þessu væri hreyft í þinginu. Honum þótti ágætur staður fyrir framtíðarheimili skólans við Skólavörðutorgið, ef lóðin fengist. En áður en hann vissi um þá tillögu hafði hann hugsað sjer, að hægt væri að fá lóð handa skólanum við Laufásveg, lítið eitt nær bænum en skólinn er nú, og væri hvortveggi staðurinn góður. Forstöðumaðurinn lagði til, að gerðar yrðu þrjár umbætur skólanum viðkomandi. Fyrst að þar yrði gerð heimavist fyrir alt að 40 nemendur, og myndi það fullnægja þörf skólans. Væri þetta hin mesta nauðsyn, því að nemendur væru flestir úr fjarsveitum, en fáir úr Reykjavík, og efnalitlir. Væri hann

kyonnum í leiguíbúðum í bænum. Þar næst taldi hann þörf leikfímishúss fyrir skólann. Væri mjög óhentugt fyrir nemendur að fara niður í mentaskólahús milli 4—5 á daginn og tvískifta þannig lestrartímanum. Loks taldi hann mjög æskilegt, að æfingaskóli fyrir 120—150 börn yrði við skólann. Mætti það heita sama nauðsyn fyrir kennaraefnin eins og spítalaganga fyrir unga lækna. Síðar í samtalinu kom í ljós, að forstöðumaðurinn gat hugsað sjer að hafa kenstuæfingar t. d. í nýja barnaskólanum, ef skólastjórinn þar væri fyrst og fremst æfingakennari og launaður af landinu. Hitt þótti honum ólíklegt til frambúðar, að kennaraefnin yrðu svo að segja á lausum kili starfandi við kenstuæfingar í skóla undir annarlegri stjórn. Forstöðumanni þótti því sjálfsagt að hafa lóð undir væntanlegan kennaraskóla það stóra, að þar mætti koma fyrir æfingaskóla. Ekki leist honum á að hugsa sjer kennaraskólann í tvíþýli við hinn svo kallaða samskóla í Reykjavík; vildi hafa kennaraskólann einan út af fyrir sig.

Helgi Hermann náttúrufræðikennari var spurður, hverjar umbætur á húsinu þyrfti að taka til athugunar við væntanlega endurbyggingu kennaraskólanans, að því leyti er snerti hans fræðigreinar. Taldi hann þurfa að fá nýjan bekk fyrir efnafræði- og eðlisfræðikenslu, er væri miðaður við verklegt nám nemenda í þeim fræðigreinum. Þar áfast við yrði að hafa áhaldasal. Þá væri og mjög æskilegt að geta haft annan kenstusál fyrir lifandi náttúrufræði, en þó mætti hugsa sjer að framkvæma kenstu í venjulegum skólabekk, en hitt væri betra.

Íslenskukennarinn Freysteinn Gunnarsson óskaði eftir, að í framtíðarheimkyonnum skólans yrði rúmgóður lestrarsalur, þar sem heill skólabekkur gæti unnið í einu að sameiginlegum viðfangsefnum. Bæði Freysteinn Gunnarsson og sr. Magnús Helgason álitu best að hafa þennan lestrarsal í heimavistarhúsinu. Í því húsi yrði líka að hafa íbúð fyrir kennara, sem hefði eftirlit með heimavistunum.

... ..

Föstudaginn 8. apríl 1927 kl. 1<sup>1</sup>/<sub>2</sub> hjelt mentamálanefnd efri deildar fund á venjulegum stað. Tekin til meðferðar till. til þál. um kennaraskólann. Fræðslumálastjóri Ásgeir Ásgeirsson kom á fundinn. Hann var meðmæltur að kennaraskólinn fengi lóð við Skólavörðutorgið af þrem ástæðum: Af nálægð við væntanlega háskólabyggingu, sundhöll og barnaskóla. Kennaraskólinn hefði mikla þörf fyrir heimavist handa 30—40 nemendum og bókasafnssal eða lestrarstofu. Með vaxandi unglíngafræðslu þyrfti skólinn að auka húsrúm sitt. Ekki taldi hann sig fylgjandi, að kennaraskólinn yrði í sambandi við væntanlegan samskóla.